



Hjallastefnan

Heiti skjals: Jafnlaunastefna Hjallastefnunnar
Ábyrgðaraðili: Framkvæmdastýra
Viðtakendur: Allir innri og ytri aðilar
Útgáfudagur: 09.06.2020
Uppfært: 20.05.2021
Útgáfa 3

Jafnlaunastefna Hjallastefnunnar

Jafnrétti er eitt af grunngildunum Hjallastefnunnar og því er það forgangsmatið í því að framfylgja stefnunni að tryggja að starfsfólki séu greidd jöfn laun og að það njóti sambærilegra kjara fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Hjallastefnan leggur metnað sinn í að vera eftirsóttur vinnustaður þar sem konur og karlar njóta jafna tækifæra til starfa og starfsþróunar.

Jafnlaunastefna þessi er á ábyrgð framkvæmdastýru Hjallastefnunnar en gæða-, fjármála- og þróunarstýra sjá um innleiðingu, viðhald og eftirlit með framgangi jafnlaunastefnunnar.

Hjallastefnan hefur skjalfest og innleitt jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur ÍST85:2012 staðalsins og skuldbindur sig til þess að viðhalda því með stöðugum umbótum. Í þeim tilgangi hefur verið skilgreint verklag um ákvörðun launa sem á að tryggja að starfsfólk fái greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum ástæðum. Það er markmið Hjallastefnunnar að kynbundin launamunur sé ekki til staðar hjá fyrirtækinu. Óútskýrður launamunur samkvæmt niðurstöðum árlegra launagreininga skal því ekki greinast (töluleg markmið 0 – 0,5%).

Hjallastefnan skuldbindur sig til þess að framfylgja jafnlaunastefnunni í hvívetna og hefur í þeim tilgangi skilgreint eftirfarandi aðgerðir:

- Árlega verði framkvæmdar launagreiningar sem hafa það að markmiði að meta hvort að til staðar sé launamunur milli kvenna og karla hjá Hjallastefnunni sem sinna sambærilegum eða jafnverðmætum störfum.
- Gerð verði áætlun um úrbætur ef í ljós kemur að til staðar sé óútskýrður launamunur milli kvenna og karla sem sinna sambærilegum og jafnverðmætum störfum.
- Árlega verði framkvæmd innri úttekt og rýni stjórnenda á jafnlaunakerfið ásamt mati á hlýtingu.
- Metið verði með reglubundnum hætti (t.d. í launagreiningum og innri úttektum) hvort að viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma sé fylgt.
- Launastefna, jafnlaunastefna og niðurstöður launagreininga og innri úttekta séu kynntar starfsmönnum Hjallastefnunnar.
- Launa- og jafnlaunastefna skulu vera aðgengilegar á heimasíðu Hjallastefnunnar.